

Áskriftarsamningur við lögaðila

Fyrir rafræn skilríki gefin út undir milliskilríki Auðkennis

milli	og
Auðkennis ehf. ,	[]
kt. 521000-2790,	kt. []
Engjateigi 3, 103 Reykjavík,	[]
hér eftir nefnt Auðkenni ,	hér eftir nefnt áskrifandi .

1 Inngangur

Auðkenni er vottunaraðili sem gefur út rafræn skilríki. Skilríkin má nota til fullgildrar rafrænnar undirskriftar í skilningi laga nr. 28/2001 um rafrænar undirskriftir.

Áskrifandi hefur sótt um að gefin verði út rafræn skilríki til vottorðshafa í tengslum við áskrifanda. Áskrifandi samþykkir að rafrænu skilríkin séu vistuð á örgjörvakorti hans. Honum er ljóst að samningur þessi gildir um meðferð rafrænu skilríkjanna og að þegar skilríkin eru vistuð á debetkortum gilda skilmálar um debetkort ekki um rafrænu skilríkin.

2 Skilgreiningar

Afturköllun: Óafturkræf aðgerð er felur í sér að skilríki eru gerð ógild áður en gildistími þeirra rennur út.

Afturköllunarlisti: Skrá yfir skilríki sem eru ekki lengur í gildi vegna þess að þau hafa verið afturkölluð.

Áskrifandi: Lögaðili sem er áskrifandi hjá Auðkenni fyrir einn eða fleiri vottorðshafa, sá sem undirritar áskriftarsamning við Auðkenni og öðlast þar með tiltekin réttindi og tekst á hendur tilteknar skyldur varðandi meðferð rafrænu skilríkjanna.

Dreifilykill: Dulmálslykill sem er ætlaður hvaða aðila sem er, til nota fyrir dulrituð samskipti við vottorðshafa. Við tvílykla dulritun er dreifilykill bæði notaður til dulritunar og til að sannprófa rafræna undirskrift.

Einkalykill: Leynilykill sem er ætlaður einum notanda. Í tvílykla dulritun, eins og í dreifilyklaumhverfi, er einkalykill bæði notaður til dulráðningar og til að búa til rafræna undirskrift.

Lögbær fulltrúi: Einstaklingur sem samkvæmt upplýsingum í hlutafélagaskrá og öðrum opinberum skrá, eða á grundvelli gagna eins og nánar er lýst er í samningi þessum, hefur heimild til að skuldbinda áskrifanda; eða einstaklingur sem áskrifandi hefur veitt lögmætt umboð til að veita heimildir fyrir að einstaklingur fái útgefin rafræn skilríki í tengslum við áskrifanda.

PKI PIN: Persónulegt innsláttarnúmer sem takmarkar aðgang að rafrænum skilríkjum vottorðshafa við hann sjálfan.

PUK: Persónulegt innsláttarnúmer vottorðshafa, notað til þess að virkja skilríkin.

Rafræn skilríki: Vottorð á rafrænu formi sem tengir sannprófunargögn við vottorðshafa og staðfestir hver hann er. Í skilríkjum er dreifilykill vottorðshafa ásamt öðrum gögnum dulritaður með einkalykli Auðkennis. Rafræn skilríki eru notuð til að undirrita, dulrita eða auðkenna vottorðshafa.

Skráningarstöð: Aðili sem er ábyrgur fyrir vottun á áskrifanda en hvorki undirritar skilríkin né gefur þau út, nánar tiltekið bankastofnun er afhendir rafrænu skilríkin til vottorðshafa.

Tímabundin ógilding: Sú staða skilríkja að þau eru tímabundið óvirk annað hvort sökum þess að þau hafa ekki verið virkjuð eða sökum þess að verið er að kanna hvort skilríkin beri að afturkalla.

Vottorðshafi: Einstaklingur sem lögbær fulltrúi áskrifanda hefur veitt heimild til að nota rafrænu skilríkin í tengslum við áskrifanda og hefur verið vottaður af skráningarstöð. Vottorðshafi er auðkenndur í skilríkinu.

Vottun: Yfirlýsing sem gefin er að lokinni skráningu um að vottorðshafi sé sá sem upplýsingar í opinberum skilríkjum sem framvísað var við skráningu, gefa til kynna.

Vottunarstefna Auðkennis: Skjal sem hefur að geyma kröfur sem Auðkenni hefur sett sér um útgáfu og umsýslu rafrænna skilríkja.

3 Heimild til að nota rafræn skilríki og móttaka skilríkja

3.1 Veiting heimildar

Auðkenni veitir vottorðshafa heimild til að nota rafrænu skilríkin í þágu áskrifanda á gildistíma skilríkjanna til rafrænnar undirritunar, dulritunar eða auðkenningar áskrifanda, með þeim skilmálum sem greinir í samningi þessum.

3.2 Takmarkanir á heimild

Áskrifanda er ljóst að vottorðshafa er eingöngu heimilt að nota skilríkin í tengslum við aðgerðir sem varða áskrifanda.

3.3 Afhending skilríkja

Áskrifandi samþykkir að Auðkenni afhendi rafræn skilríki til þeirra vottorðshafa, sem tilgreindir eru í umsókn hans til Auðkennis.

4 Framkvæmd samningsins

Skráningarstöðvar koma fram fyrir hönd Auðkennis í málum er varða samning þennan.

Skráningastöðvar eru ábyrgar fyrir vottun á áskrifanda og afhendingu rafrænna skilríkja til hans, en hvorki undirrita skilríkin né gefa þau út.

5 Heimildir og skyldur Auðkennis

5.1 Þjónusta Auðkennis

Auðkenni veitir upplýsingar um stöðu rafrænna skilríkja, þ.e. hvort skilríki eru í gildi, hafa verið afturkölluð eða gerð tímabundið óvirk.

Öll þjónusta sem Auðkenni veitir vegna rafrænna skilríkja er í samræmi við vottunarstefnu Auðkennis eins og hún er á hverjum tíma. Vottunarstefnan er aðgengileg á www.audkenni.is.

Auðkenni birtir á vef sínum tilkynningu um allar breytingar á útgefinni vottunarstefnu. Slíkar tilkynningar eru jafnframt birtar í heimabanka áskrifanda.

5.2 Þjónusta við afturköllun að frumkvæði áskrifanda

Á gildistíma samnings þessa mun Auðkenni tafarlaust hefja afturköllun rafrænu skilríkjanna, óski áskrifanda eða vottorðshafi þess.

Vilji áskrifandi eða vottorðshafi afturkalla rafrænu skilríkin skal hann beina tilkynningu um það til skráningastöðvar með rafrænum skilríkjum sem gefin eru út af Auðkenni. Hafi vottorðshafi glatað PKI PIN eða glatað debetkorti sem geymir rafrænu skilríkin skal áskrifandi eða vottorðshafi beina tilkynningunni til skráningastöðvar símleiðis, með tölvupósti eða símbréfi. Ef tilkynningin stafar raunverulega frá áskrifanda eða vottorðshafa að mati skráningarstöðvar, veitir hún skilríkjunum stöðuna „tímabundin ógilding“ uns áskrifandi eða vottorðshafi sanna deili á sér í eigin persónu á skráningarstöð með framvísun gildra opinberra skilríkja eða með notkun rafrænna skilríkja sem gefin eru út af Auðkenni.

5.3 Heimildir Auðkennis til einhliða afturköllunar

Auðkenni hefur heimild til að afturkalla einhliða rafræn skilríki sem gefin hafa verið út á grundvelli samnings þessa:

- Ef birt hefur verið í Lögbirtingablaði auglýsing um að bú áskrifanda hafi verið tekið til gjaldþrotaskipta.
- Ef birt hefur verið í Lögbirtingablaði auglýsing um að félag áskrifanda hafi verið sameinað öðrum lögaðila eða að félagi áskrifanda hafi verið skipt upp.
- Ef birt hefur verið í Lögbirtingablaði auglýsing um að nafn áskrifanda hafi breyst.
- Ef sett hafa verið lagafyrirmæli eða fyrir liggur önnur lögleg ákvörðun stjórnvalds eða annars til þess bærð aðila sem

leiðir til þess að upplýsingar í rafrænu skilríkjunum séu ekki lengur réttar.

- Ef Auðkenni hefur ótvíræða vitneskju frá lögbærum fulltrúa áskrifanda um að vottorðshafi hafi ekki lengur heimild til að nota rafrænu skilríkin í tengslum við áskrifanda, án tillits til þess hvort áskrifandi hefur sinnt skyldu sinni til að óska afturköllunar skilríkja viðkomandi vottorðshafa.
- Ef vottorðshafi hefur debetkortíð sem inniheldur rafrænu skilríkin ekki undir höndum, m.a. sökum þess að áskrifandi hefur glatað kortinu og því verið skilað til skráningarstöðvar, kortið hefur verið gleypt af hraðbanka eða hefur vegna misnotkunar verið innkallað af skráningarstöð eða af aðila sem leiðir rétt til slíks frá skráningarstöð, svo sem söluaðila.
- Við andlát vottorðshafa.
- Við riftun áskriftarsamnings við áskrifanda samkvæmt heimild í grein 10.
- Ef rökstudd ástæða er til að ætla að mistök hafi átt sér stað við útgáfu skilríkja eða við vottun.
- Ef Auðkenni eða skráningarstöð telur víst að upplýsingar í rafrænum skilríkjum séu ekki réttar, m.a. að þær hafi breyst, af hvaða ástæðu sem er.

Við tímabundna ógildingu eða afturköllun rafrænna skilríkja skal Auðkenni senda tilkynningu til áskrifanda og vottorðshafa án tafar.

6 Skyldur áskrifanda

6.1 Ábyrgð áskrifanda á rafrænum skilríkjum vottorðshafa

Áskrifandi ábyrgist að vottorðshafar sem fá útgefin skilríki á grundvelli samnings þessa fari með þau í samræmi við ákvæði samningsins.

6.2 Upplýsingar til auðkenningar

Áskrifandi staðfestir að allar upplýsingar sem hann lét í té við umsókn um rafrænu skilríkin, eru réttar og að þau opinberu skilríki sem hann, lögbær fulltrúi hans eða vottorðshafar létu í té eru ófölsuð og voru gild við móttöku rafrænu skilríkjanna.

6.3 Breytingar á upplýsingum til auðkenningar

Ef nafn eða kennitala áskrifanda breytist frá því sem greinir í rafrænu skilríkjunum, skal hann þegar í stað tilkynna skráningarstöð það, tryggja að vottorðshafar hætti að nota rafrænu skilríkin og fela Auðkenni að afturkalla þau. Hið sama gildir ef bú áskrifanda er tekið til gjaldþrotaskipta eða ef félagi áskrifanda verður slitið með lögmatum hætti. Auðkenni skal þá að ósk áskrifanda tafarlaust gefa út ný skilríki í þeim tilfellum þegar það á við.

6.4 Upplýsingar vegna samskipta

Allar tilkynningar vegna meðferðar rafrænu skilríkjanna eru sendar á starfsstöð áskrifanda og lögheimili vottorðshafa. Áskrifandi samþykkir að tilkynningar sem sendar eru með þessum hætti teljast réttilega sendar bæði áskrifanda og vottorðshafa.

6.5 Meðferð skilríkja við lok gildistíma

Rafrænu skilríkin eru eign Auðkennis. Áskrifandi samþykkir að við lok gildistíma skilríkjanna, af hvaða ástæðu sem er (m.a. sökum þess að skilríki eru runnin út eða hafa verið afturkölluð), sé vottorðshafa ekki lengur heimilt að nota þau til að framkvæma nýjar aðgerðir. Eftir lok gildistíma er heimilt að nota skilríkin til tilvísunar til aðgerða eða uppflettingar á aðgerðum er áttu sér stað á gildistíma skilríkjanna.

6.6 Meðferð PKI PIN og hluta PUK

Áskrifanda er ljóst að vottorðshafi hefur einn aðgang að PKI PIN rafrænu skilríkjanna. Áskrifanda ber að brýna fyrir vottorðshafa skyldu hans til að gæta fyllstu varkárni og trúnaðar um PKI PIN. Hann skal sérstaklega brýna fyrir honum eftirfarandi:

- Óheimilt er að afhenda öðrum PKI PIN eða upplýsa aðra um PKI PIN.
- Óheimilt er að varðveita upplýsingar um PKI PIN á sama stað og rafrænu skilríkin.
- Skrái vottorðshafi PKI PIN hjá sér er óheimilt að gefa til kynna að um sé að ræða leyninúmer vegna rafrænna skilríkja.

Áskrifandi ber ábyrgð á öllum aðgerðum sem framkvæmdar eru með rafrænum skilríkjum og PKI PIN.

6.7 Rafrænum skilríkjum stofnað í hættu

Áskrifandi skal brýna fyrir vottorðshafa að hafi hann einhverja ástæðu til að ætla að rafrænu skilríkin hafi með einhverjum hætti verið misnotuð, að öryggi einkalykils hans eða PKI PIN geti hafa verið stofnað í hættu á gildistíma skilríkjanna eða að Auðkenni hafi orðið fyrir öryggisbresti skuli vottorðshafi þegar í stað hætta notkun þeirra og óska eftir því að Auðkenni afturkalli rafrænu skilríkin. Fáí áskrifandi vitneskju um að þær aðstæður séu fyrir hendi sem greinir í þessari grein skal hann þegar í stað ganga úr skugga um að skilríkin hafi verið tekin úr notkun og afturkölluð.

6.8 Samþykkt skilríkja og tilkynning vegna villna eða bilana

Áskrifandi skal brýna fyrir vottorðshafa að tilkynna skráningarstöð þegar í stað ef villa er í útgefnum skilríkjum eða ef vottorðshafi verður var við að rafrænu skilríkin virka ekki með þeim hætti sem ætlast er til. Fáí áskrifandi vitneskju um að þær aðstæður séu fyrir hendi sem greinir í þessari grein skal hann þegar í stað ganga úr skugga um að skráningarstöð hafi borist slík tilkynning.

Notkun skilríkjanna skoðast sem samþykki á þeim upplýsingum sem þar koma fram.

6.9 Skylda til að óska afturköllunar skilríkja

Nú hefur vottorðshafi ekki lengur heimild til að nota rafrænu skilríkin í tengslum við áskrifanda og skal þá áskrifandi þegar í stað tilkynna það til skráningarstöðvar til að unnt sé að afturkalla skilríkin.

6.10 Tilkynningarskylda áskrifanda varðandi lögbæra fulltrúa

Nú fellur úr gildi umboð lögbærs fulltrúa áskrifanda til að veita heimildir til að vottorðshafar fái útgefin skilríki í tengslum við áskrifanda og skal þá áskrifandi þegar í stað tilkynna það til skráningarstöðvar.

Hið sama gildir ef nýr einstaklingur hefur gerst lögbær fulltrúi áskrifanda og fengið heimildir til að samþykka að vottorðshafar fái útgefin skilríki í tengslum við áskrifanda.

7 Takmörkun ábyrgðar

Auðkenni er eingöngu ábyrgt fyrir tjóni sem kann að verða vegna notkunar rafrænna skilríkja ef um er að kenna saknæmu eða ólögmatu athæfi starfsmanna Auðkennis eða aðila sem Auðkenni ber ábyrgð á, svo sem skráningarstöð.

Undir engum kringumstæðum (að öðru leyti en því sem tilgreint er í 17. gr. laga 28/2001 um rafrænar undirskriftir) skal Auðkenni vera ábyrgt fyrir nokkurs konar óbeinu, tilviljanakenndu eða afleiddu tjóni, þar með talið en ekki einskorðað við hvers konar missi á hagnaði, missi afnota, eða refsikenndum bóttum eða viðurlögum sem orsakast af eða í sambandi við notkun, afhendingu, leyfi, virkni eða óvirkni skilríkja, rafrænna undirskrifta, eða hvers konar framkvæmda, aðgerða eða þjónustu sem boðin er fram eða áformuð í tengslum við rafrænu skilríkin.

8 Vinnsla upplýsinga

Áskrifanda er ljóst að Auðkenni mun varðveita upplýsingar er áskrifandi lætur í té við skráningu, tímabundna ógildingu og afturköllun skilríkjanna þar til að liðnum 10 árum frá andláti vottorðshafa. Hið sama gildir um upplýsingar um samskipti áskrifanda og vottorðshafa er varða gildi skilríkjanna og athugasemdir við að meðferð rafrænu skilríkjanna hafi verið lögmat.

Áskrifandi samþykkir að Auðkenni sé heimilt að birta efni rafrænu skilríkjanna innan og utan skráningarkerfis Auðkennis, m.a. í tengslum við afturköllunarlista.

Auðkenni mun við varðveislu framangreindra upplýsinga fylgja í hvívetna lögum nr. 77/2000 um persónuvernd og meðferð persónuupplýsinga.

9 Gildistími

Gildistími skilríkjanna hefst við útgáfu og lýkur 12 mánuðum síðar nema skilríkin séu afturkölluð fyrir þann tíma samkvæmt heimild í samningi þessum.

Gildistími samnings þessa er hinn sami og gildistími skilríkjanna. Við lok gildistíma, af hvaða ástæðu sem er, skal Auðkenni afturkalla skilríki áskrifanda.

10 Vanefndir

Vanefni áskrifandi samning þennan eða hafi Auðkenni vissu fyrir því að öryggi einkalykilsins hafi verið stofnað í hættu, er Auðkenni heimilt að rifta samningi þessum og afturkalla rafrænu skilríkin með skriflegri tilkynningu til áskrifanda.

11 Framsal

Rafrænu skilríkin eru bundin við áskrifanda. Áskrifanda er undir engum kringumstæðum heimilt að framselja rafrænu skilríkin.

Þau ganga ekki í arf og skuldheimtumönnum er ekki heimil fullnusta í þeim.

Auðkenni er heimilt að framselja samning þennan til lögaðila sem er í stakk búinn til að takast á hendur skyldur Auðkennis sem greinir í vottunarstefnu Auðkennis.

12 Lögsaga og varnarþing

Íslensk lög skulu ráða gildi skilmála þessara og túlkun ákvæða þeirra.

Rísi ágreiningur milli áskrifanda og Auðkennis vegna umsóknar áskrifanda um rafræn skilríki, notkunar áskrifanda á þeim eða vegna réttinda eða skyldna Auðkennis skal hann rekinn fyrir Héraðsdómi Reykjavíkur.

[staður] [dags.]

f.h. Auðkennis ehf.

[nafn vottunarstöðvar]

f.h. áskrifanda

[nafn lögbærs fulltrúa]